



## Félagsheimilið á Blönduósi ehf. FUNDUR – 20. desember 2007

Fundur haldinn í stjórn Félagsheimilisins á Blönduósi fimmtudaginn 20. desember 2007 klukkan 18:00 í félagsheimilinu. Mæting skv. undirskriftum.

### Dagskrá:

1. Áfengisleyfi.
2. Verðskrá.
3. Önnur mál.

### Afgreiðslur:

1. Nína Margrét setti fund, húsvörður sækir um að fá að endurnýja áfengisleyfi hússins. Nefndin samþykkir það.
2. Húsvörður las upp gildandi verðskrá og tilkynnti síðan breytingar, stjórn samþykkti þær. Verðskráin verður birt á heimasíðu Blönduósbæjar.
3. Húsvörður óskaði eftir að endurnýja glös og borðbúnað í eldhúsi eins og þörf krefur, einnig þarf að ath. með ofn. Stjórnin felur húsverði að leita tilboða og afgreiða málið.

*Fleira ekki gert.*

*Fundi slitið kl. 19.30*

*Nína Margrét Pálmadóttir (sign.)*

*Kristín Guðjónsdóttir (sign.)*

*Sigurður Jóhannesson (sign.)*

*Kári Kárason (sign.)*

*Heiðar Svanur Óskarsson, húsvörður*